

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 196/2006**

frá 3. febrúar 2006

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 með
hliðsjón af Evrópustaðli EN ISO 14001:2004 og um niðurfellingu á ákvörðun 97/265/EB

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/265/EB⁽²⁾ um viðurkenningu alþjóðlega staðalsins ISO 14001:1996 og Evrópustaðalsins EN ISO 14001:1996 skal felld úr gildi.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 761/2001.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 15. gr.,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. gr.

1) Kröfurnar í 4. kafla Evrópustaðals EN ISO 14001:1996 eru hinar sömu og kröfurnar í umhverfisstjórnunarkerfinu í reglugerð (EB) nr. 761/2001 eins og tilgreint er í A-hluta I. viðauka við hana.

Í stað A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 761/2001 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

2) Alþjóðlega staðlinum ISO 14001:1996 var breytt árið 2004 í kjölfar vinnu TC207/SC1-nefndar Alþjóðlegra staðlasamtakanna (ISO) um umhverfisstjórnunarkerfi í því skyni að samhæfa betur ISO 14001 og ISO 9001 og skýra núverandi texta ISO 14001 án þess að bæta við nýjum kröfum.

1. Fyrirtæki/stofnanir, sem eru með EMAS-skráningu þegar þessi reglugerð öðlast gildi, skulu vera áfram í EMAS-skránni, með fyrirvara um sannpröfunina sem um getur í 2. mgr.

2. Við næstu sannpröfun fyrirtækisins/stofnunarinnar skal kanna hvort kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 761/2001, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, séu uppfylltar.

3) Síðan hefur ISO birt nýja og endurskoðaða útgáfu alþjóðlegra staðalsins ISO 14001:2004 og Evrópustaðalsins EN ISO 14001:2004.

Ef næsta sannpröfun á að fara fram innan sex mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi er heimilt að fresta næstu sannpröfun um sex mánuði í samráði við umhverfissannpröfundann og þar til bæran aðila.

3. gr.

4) Breyta ber A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 761/2001 í samræmi við Evrópustaðal EN ISO 14001:2004.

Ákvörðun 97/265/EB er felld úr gildi.

4. gr.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 761/2001 til samræmis við það.

6) Þörf er á bráðabirgðafyrirkomulagi fyrir fyrirtæki/stofnanir sem þegar hafa EMAS-skráningu.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjónartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

⁽²⁾ Stjóð. EB L 104, 22.4.1997, bls. 37.

Nr. 530

21. maí 2008

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

A. KRÖFUR TIL UMhverfisstjórnunarkerfis

Fyrirtæki/stofnanir, sem aðild eiga að umhverfisstjórnunarkerfinu (EMAS), skulu uppfylla kröfur EN ISO 14001:2004, sem lýst er í 4. kafla Evrópustaðalsins (*) og birtar eru að fullu hér á eftir:

I-A. Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis

I-A.1. Almennar kröfur

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á fót umhverfisstjórnunarkerfi, skjalfesta það, hrinda því í framkvæmd, halda því við og stöðugt vinna að því að bæta það í samræmi við kröfur þessa alþjóðlega staðals og ákvarða hvernig það/hún uppfyllir kröfurnar.

Fyrirtækið/stofnunin skal skilgreina og skjalfesta gildissvið umhverfisstjórnunarkerfis síns.

I-A.2. Umhverfisstefna

Yfirstjórn skal skilgreina umhverfisstefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar og tryggja, innan hins skilgreinda gildissviðs umhverfisstjórnunarkerfisins, að stefnan:

- a) sé í samræmi við eðli, umfang og umhverfisáhrif af starfsemi, framleiðsluvörum eða þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar,
- b) feli í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur og mengunarvarnir,
- c) feli í sér skuldbindingu um að fara að viðeigandi lagakröfum og öðrum kröfum sem fyrirtækið/stofnunin hefur samþykkt að uppfylla og varða umhverfisþætti þess/hennar,
- d) láti í té grunn til að setja fram og rýna almenn og sértæk umhverfismarkmið,
- e) sé skjalfest og henni hrundið í framkvæmd og haldið við,
- f) sé kynnt öllum þeim sem starfa hjá fyrirtækinu/stofnuninni eða á vegum þess/hennar og
- g) sé aðgengileg almenningi.

I-A.3. Áætlanagerð

I-A.3.1. Umhverfisþættir

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m):

- a) til að skilgreina þá umhverfisþætti í tengslum við starfsemi, framleiðsluvörur og þjónustu innan hins skilgreinda gildissviðs umhverfisstjórnunarkerfisins sem fyrirtækið/stofnunin getur stýrt og þá þætti sem það/hún getur haft áhrif á, að teknu tilliti til áætlaðrar eða nýrrar þróunar ellegar nýjunga eða breytinga á starfsemi, framleiðsluvörum og þjónustu og
- b) til að ákvarða hvaða þættir hafa eða geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið (þ.e. eru mikilvægir umhverfisþættir).

Fyrirtækið/stofnunin skal skjalfesta þessar upplýsingar og uppfæra þær reglulega.

(*) Textinn í þessum viðauka er birtur með leyfi Staðlasamtaka Evrópu (CEN). Unnt er að kaupa textann í heild sinni hjá þeim innlendu staðlastofnunum sem skráðar eru í þessum viðauka. Hvers kyns fjölföldun þessa viðauka af viðskiptalegum ástæðum er óheimil.

Þegar umhverfisstjórnunarkerfi er komið á, hrundið í framkvæmd og haldið við skal fyrirtækið/stofnunin tryggja að tillit sé tekið til hinna mikilvægu umhverfisþátta.

1-A.3.2. *Lagakröfur og aðrar kröfur*

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m):

- a) til að tilgreina og hafa aðgang að gildandi lagakröfum og öðrum kröfum sem fyrirtækið/stofnunin hefur samþykkt að uppfylla og eiga við um umhverfisþætti og
- b) til að ákvarða hvernig þessar kröfur gilda um umhverfisþætti fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Fyrirtækið/stofnunin skal tryggja að tekið sé tillit til þessara gildandi lagakrafna og annarra krafna sem það/hún hefur samþykkt að uppfylla þegar það/hún kemur á, hrindir í framkvæmd og heldur við umhverfisstjórnunarkerfi sínu.

1-A.3.3. *Almenn markmið, sértæk markmið og áætlanir*

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við skráðum almennum og sértækum umhverfismarkmiðum á viðkomandi starfssviðum og þrepum innan fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Almennu og sértæku markmiðin skulu vera mælanleg, þar sem það er raunhæft, og í samræmi við umhverfisstefnuna, þ.m.t. skuldbindingar um mengunaryarnir, um að farið sé að gildandi lagakröfum auk annarra krafna sem fyrirtækið/stofnunin hefur samþykkt að uppfylla og um að bæta stöðugt árangurinn.

Þegar almenn og sértæk markmið eru sett fram og rýnd skal fyrirtæki/stofnun hafa til hliðsjónar lagakröfur og aðrar kröfur, sem fyrirtækið/stofnunin hefur samþykkt að uppfylla, auk mikilvægra umhverfisþátta. Fyrirtækið/stofnunin skal einnig hafa í huga tæknilega valkosti, fjárhagslegar, rekstrarlegar og viðskiptalegar kröfur sínar og sjónarmið hagsmunaaðila.

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við áætlun(um) um aðgerðir til að ná settum almennum og sértækum markmiðum. Áætlanirnar skulu fela í sér:

- a) ákvæði um hverjir beri ábyrgð á að almenn og sértæk markmið náist á viðkomandi starfssviðum og þrepum í fyrirtækinu/stofnuninni og
- b) aðferðirnar sem beita á við að ná markmiðunum, ásamt tímamörkum.

1-A.4. *Framkvæmd og rekstur*

1-A.4.1. *Aðföng, hlutverk, ábyrgð og vald*

Stjórnendur skulu tryggja að nauðsynleg aðföng séu fyrir hendi til að koma umhverfisstjórnunarkerfinu á, hrinda því í framkvæmd, halda því við og bæta það. Til aðfanga teljast mannaflí og sérfræðiþekking, innviðir stjórnkerfisins, tækni og fjármagn.

Skilgreina skal hlutverk, ábyrgð og vald, skjalfesta upplýsingar þar að lútandi og kynna þær til þess að greiða fyrir markvissri stjórnun umhverfismála.

Yfirstjórn fyrirtækisins/stofnunarinnar skal tilnefna sérstaka(n) fulltrúa stjórnar sem, án tillits til annarrar ábyrgðar, skal fengið sérstakt hlutverk, ábyrgð og vald til að:

- a) tryggja að umhverfisstjórnunarkerfi sé komið á, hrundið í framkvæmd og haldið við í samræmi við kröfurnar í þessum alþjóðastaðli,
- b) gefa yfirstjórn skýrslur um ástand umhverfisstjórnunarkerfisins til að rýna ásamt tillögum til úrbóta.

1-A.4.2. *Hæfni, þjálfun og skilningur*

Fyrirtækið/stofnunin skal tryggja að allir sem vinna fyrir það/hana ellegar fyrir hönd þess/hennar verk sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið að mati fyrirtækisins/stofnunarinnar hafi alla þá menntun, þjálfun og reynslu sem gera þá hæfa til að sinna starfinu og skal fyrirtækið/stofnunin halda tilheyrandi skrár.

Fyrirtækið/stofnunin skal tilgreina hvaða þjálfun er nauðsynleg í tengslum við umhverfisþætti og umhverfisstjórnunarkerfi þess/hennar. Fyrirtækið/stofnunin skal sjá um þjálfun eða gera aðrar ráðstafanir til að mæta þessum þörfum og halda tilheyrandi skrár.

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m) þannig að þeir sem starfi hjá fyrirtækinu/stofnuninni eða fyrir hönd þess/hennar geri sér grein fyrir:

- a) mikilvægi þess að framfylgja umhverfisstefnunni og verklagsreglunum, sem og kröfum umhverfisstjórnunarkerfisins,
- b) mikilvægum umhverfisþáttum og tilheyrandi áhrifum, raunverulegum eða hugsanlegum, af störfum sínum og umhverfislegum ávinningi af bættri frammistöðu sinni,
- c) hlutverkum sínum og ábyrgð á að farið sé að kröfum umhverfisstjórnunarkerfisins og
- d) hugsanlegum afleiðingum þess að víkja frá samþykktum verklagsreglum.

1-A.4.3. *Samskipti*

Með hliðsjón af umhverfisþáttum og umhverfisstjórnunarkerfi sínu skal fyrirtækið/stofnunin koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m) um

- a) innri samskipti milli mismunandi þrepa og starfssviða í fyrirtækinu/stofnuninni,
- b) að taka á móti, skjalfesta og bregðast við upplýsingum frá hagsmunaaðilum utan fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Fyrirtækið/stofnunin skal taka ákvörðun um hvort það/hún á samskipti við utanaðkomandi aðila um mikilvæga umhverfisþætti og skjalfesta ákvörðun sína. Sé tekin ákvörðun um að samskipti skuli fara fram skal fyrirtækið/stofnunin koma á og hrinda í framkvæmd aðferð(um) við þessi samskipti við utanaðkomandi aðila.

1-A.4.4. *Upplýsingaskjöl*

Í upplýsingaskjölum um umhverfisstjórnunarkerfið skal vera að finna:

- a) umhverfisstefnu og almenn og sértæk markmið,
- b) lýsingu á gildissviði umhverfisstjórnunarkerfisins,
- c) lýsingu á helstu þáttum umhverfisstjórnunarkerfisins og samspili þeirra ásamt tilvísunum í skjöl sem þetta varða,

- d) skjöl, þ.m.t. skrár, sem gerð er krafa um í þessum alþjóðlega staðli og
- e) skjöl, þ.m.t. skrár, sem fyrirtækið/stofnunin hefur ákvarðað að séu nauðsynleg til að tryggja skilvirka áætlanagerð, rekstur og stjórnun ferla sem varða mikilvæga umhverfisþætti þess/hennar.

1-A.4.5. Skjalastýring

Stjórna skal skjölum, sem krafist er samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfinu og þessum alþjóðlega staðli. Skrár eru sérstök tegund skjala og skal stjórna þeim í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í A.5.4.

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m) um að:

- a) samþykkja að skjöl fullnægi kröfum áður en þau eru gefin út,
- b) endurskoða og uppfæra eins og nauðsyn krefur og endursamþykkja skjöl,
- c) tryggja að breytingar og núverandi endurskoðunarstaða skjala séu tilgreindar,
- d) tryggja að viðkomandi útgáfur þeirra skjala sem um ræðir séu aðgengilegar á notkunarstöðum,
- e) tryggja að gögn séu læsileg og auðþekkjandleg,
- f) tryggja að utanaðkomandi skjöl, sem að mati fyrirtækisins/stofnunarinnar eru nauðsynleg vegna skipulagningar og rekstrar umhverfisstjórnunarkerfisins, séu auðkennd og dreifingu þeirra stjórnað og
- g) koma í veg fyrir að úrelt skjöl verði notuð af misgáningi og auðkenna þau á viðeigandi hátt ef þeim er haldið til haga af einhverjum ástæðum.

1-A.4.6. Rekstrarstjórn

Fyrirtækið/stofnunin skal skilgreina og skipuleggja þá rekstrarþætti sem tengjast skilgreindum, mikilvægum umhverfisþáttum, sem eru í samræmi við umhverfisstefnu og almenn og sértæk markmið þess/hennar, til að tryggja að rekstrarþættir séu framkvæmdir við tilgreind skilyrði með því að:

- a) koma á, hrinda í framkvæmd og halda við skjalfestum verklagsreglum um stjórn á aðstæðum þar sem skortur á verklagsreglum gæti leitt til þess að vikið yrði frá umhverfismálastefnunni og almennu og sértæku markmiðunum,
- b) fastsetja ákvæðin um rekstur í verklagsreglum og
- c) koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglum um skilgreinda, mikilvæga umhverfisþætti sem tengjast vörum og þjónustu sem fyrirtækið/stofnunin notar auk þess að veita birgjum, þ.m.t. verktökum, upplýsingar um gildandi verklagsreglur og kröfur.

1-A.4.7. Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m) um að greina hugsanlegt neyðarástand og hugsanleg slys sem geta haft áhrif á umhverfið og hvernig það/hún hyggst bregðast við slíku.

Fyrirtækið/stofnunin skal bregðast við raunverulegu neyðarástandi og slysum og koma í veg fyrir tilheyrandi umhverfisáhrif eða draga úr þeim.

Fyrirtækið/stofnunin skal reglubundið rýna verklagsreglur varðandi viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi, einkum í kjölfar slysa eða neyðarástands, og endurskoða þær eins og með þarf.

Fyrirtækið/stofnunin skal einnig prófa slíkar verklagsreglur annað veifið sé það framkvæmanlegt.

I-A.5. Athuganir

I-A.5.1. *Vöktun og mælingar*

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m) um að vakta og mæla reglulega þá aðalþætti rekstrarins sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið. Til verklagsreglnanna telst skráning upplýsinga svo hægt sé að fylgjast með árangri, viðkomandi rekstrarstjórnun og samræmi við almenn og sértæk umhverfismarkmið fyrirtækisins/stofnunarinnar.

Fyrirtækið/stofnunin skal tryggja að kvörðuð eða sannprófuð mælinga- og vöktunartæki séu notuð, að þeim sé haldið við og að haldnar séu tilheyrandi skrár.

I-A.5.2. *Mat á því hvort kröfur séu uppfylltar*

I-A.5.2.1. Í samræmi við skuldbindingu fyrirtækisins/stofnunarinnar um að fara að lagakröfum skal það/hún koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m) um að meta reglubundið hvort viðeigandi lagakröfur séu uppfylltar.

Fyrirtækið/stofnunin skal halda skrár yfir niðurstöður reglubundins mats.

I-A.5.2.2. Fyrirtækið/stofnunin skal meta hvort það/hún uppfyllir aðrar kröfur sem henni ber að uppfylla. Fyrirtækinu/stofnuninni er heimilt að sameina þetta mat mati á því hvort farið sé að þeim lagakröfum sem um getur í A.5.2.1 eða koma á sérstökum verklagsreglum.

Fyrirtækið/stofnunin skal halda skrár yfir niðurstöður reglubundins mats.

I-A.5.3. *Ósamræmi, úrbætur og forvarnastarf*

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m) um viðbrögð við raunverulegu og hugsanlegu ósamræmi og um úrbætur og forvarnastarf. Í verklagsreglu(m) skulu skilgreindar kröfur um:

- a) að skilgreina og leiðrétta ósamræmi og gera ráðstafanir til að draga úr umhverfisáhrifum vegna þess,
- b) að rannsaka ósamræmi, komast að ástæðu(m) þess og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig,
- c) að meta nauðsyn aðgerða til að koma í veg fyrir ósamræmi og hrinda í framkvæmd viðeigandi aðgerðum til að koma í veg fyrir að það eigi sér stað,
- d) að skrá niðurstöður aðgerða til úrbóta og forvarna og
- e) að meta árangur af þeim aðgerðum til úrbóta og forvarna sem gripið hefur verið til. Aðgerðirnar, sem gripið er til, skulu vera í réttu hlutfalli við umfang vandamálsins og umhverfisáhrifin sem af því hljóttast.

Fyrirtækið/stofnunin skal tryggja að allar nauðsynlegar breytingar séu gerðar á skjalahaldi umhverfisstjórnunarkerfisins.

I-A.5.4. *Stýring skráa*

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á og halda við skrár eins og nauðsyn krefur til að sýna fram á að farið sé að kröfum umhverfisstjórnunarkerfis þess/hennar og þessa alþjóðlega staðals og til að sýna fram á þann árangur sem náðst hefur.

Fyrirtækið/stofnunin skal koma á, hrinda í framkvæmd og halda við verklagsreglu(m) um auðkenningu, geymslu, verndun, heimt, varðveislu og förgun skráa.

Skrár skulu jafnan vera læsilegar, auðþekjanlegar og rekjanlegar.

I-A.5.5. *Innri úttekt*

Fyrirtækið/stofnunin skal tryggja að innri úttekt fari fram á umhverfisstjórnunarkerfinu með reglulegu millibili til að:

- a) ganga úr skugga um að:
 - umhverfisstjórnunarkerfið sé í samræmi við framkvæmdaáætlunina um stjórnun umhverfismála, þ.m.t. kröfur þessa alþjóðlega staðals, og
 - rétt hafi verið staðið að framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfisins og því hafi verið haldið við og
- b) veita stjórnendum upplýsingar um niðurstöður úttekta.

Fyrirtækið/stofnunin skal skipuleggja úttektina hverju sinni, koma henni á, hrinda henni í framkvæmd og halda henni við með hlidsjón af þýðingu starfseminnar fyrir umhverfið og niðurstöðum fyrri úttekta.

Verklagsreglum um úttekt skal komið á, hrundið í framkvæmd og haldið við og skulu þær taka til:

- ábyrgðar og krafna í tengslum við skipulagningu og framkvæmd úttektar, birtingu niðurstaðna og viðhald tilheyrandi skráa,
- ákvörðunar á viðmiðunum úttektarinnar, gildissviði, tíðni og aðferðum.

Val á úttektarmönnum og framkvæmd úttektarinnar skal tryggja hlutlægni og óhlutdrægni við úttektina.

I-A.6. *Rýni stjórnenda*

Yfirstjórn skal, með ákveðnu millibili, rýna umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins/stofnunarinnar til að tryggja að það henti áfram til tilætlaðra nota og sé fullnægjandi og skilvirkt. Í rýninni skal m.a. meta tækifæri til úrbóta og nauðsyn breytinga á umhverfisstjórnunarkerfinu, þ.m.t. umhverfisstefna og almenn og sértæk umhverfismarkmið.

Varðveita skal skrár um rýni stjórnenda.

Rýni stjórnenda skal taka til:

- a) niðurstaðna innri úttektar og mats á því hvort lagalegar kröfur og aðrar kröfur, sem fyrirtækið/stofnunin hefur samþykkt, hafa verið uppfylltar,
- b) orðsendinga frá hagsmunaaðilum utan fyrirtækisins/stofnunarinnar, þ.m.t. kvartanir,
- c) árangurs fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
- d) þess að hve miklu leyti almenn og sértæk markmið hafa náðst,
- e) stöðu úrbóta og forvarnastarfs,
- f) framhaldsaðgerða eftir fyrri rýni stjórnenda,

- g) breytinga á kringumstæðum, t.d. þróunar lagalegra krafna og annarra krafna sem tengjast umhverfisspáttum fyrirtækisins/stofnunarinnar, og
- h) ráðlegginga um úrbætur.

Niðurstöður úr rýni stjórnenda skulu taka til allra ákvarðana og aðgerða í tengslum við hugsanlegar breytingar á umhverfisstefnu, almennum og sértækum markmiðum og öðrum þáttum umhverfisstjórnunarkerfisins í samræmi við skuldbindinguna um stöðugar úrbætur.

SKRÁ YFIR INNLENDAR STAÐLASTOFNANIR**BE:** IBN/BIN (Institut belge de normalisation/Belgisch Instituut voor Normalisatie)**CZ:** ČNI (Český normalizační institut)**DK:** DS (Dansk Standard)**DE:** DIN (Deutsches Institut für Normung e.V.)**EE:** EVS (Eesti Standardikeskus)**EL:** ELOT (Ελληνικός Οργανισμός Τυποποίησης)**ES:** AENOR (Asociación Española de Normalización y Certificación)**FR:** AFNOR (Association française de normalisation)**IEL:** NSAI (National Standards Authority of Ireland)**IT:** UNI (Ente Nazionale Italiano di Unificazione)**CY:** Κυπριακός Οργανισμός Προώθησης Ποιότητας**LV:** LVS (Latvijas Standarts)**LT:** LST (Lietuvos standartizacijos departamentas)**LU:** SEE (Service de l'Energie de l'Etat) (Luxembourg)**HU:** MSZT (Magyar Szabványügyi Testület)**MT:** MSA (Awtoritá Maltija dwar l-Istandards/Malta Standards Authority)**NL:** NEN (Nederlands Normalisatie-Instituut)**AT:** ON (Österreichisches Normungsinstitut)**PL:** PKN (Polski Komitet Normalizacyjny)**PT:** IPQ (Instituto Português da Qualidade)**SI:** SIST (Slovenski inštitut za standardizacijo)**SK:** SÚTN (Slovenský ústav technickej normalizácie)**FI:** SFS (Suomen Standardisoimisliitto ry.)**SE:** SIS (Swedish Standards Institute)**UK:** BSI (British Standards Institution).“